


Hér að ofan er Tóklafus, en það er Íris Guðmundsdóttir, Nönnustíg 3 í Hafnarfirði, sem sendir teikninguna og söguna af honum. Íris er 10 ára.

Sagan af Tóklafusi

Einu sinni var prófessor og hann hét Tóklafus. Hann bjó einn í litlu húsi. Eit sinn er Tóklafus var á labbi, sér hann mús og kött og hund labba saman eftir götunni. Gekk hann þá að dýrunum og ætlaði að klappa þeim, en þau hvæstu þá á hann. Tóklafus hljóp þá burtu og hlupu dýrin á eftir honum alla leið inn í húsið hans. Tóklafus spurði þau hvað þau hétu. Músin sagðist heita Trítla, kötturinn Brandur og hundurinn Snati. Snati sagði, að þau hefðu átt agalega góðan húsbónda, sem hét Tóklafus, en nú væri hann dáinn. Tóklafus sagði: „Ég er húsbóndi ykkar. Ég heiti Tóklafus. Og ég hef átt ykkur öll." Dýrin sögðu: „Já, það ertu sannarlega. Þetta er gamla húsið og skórnir og hatturinn og slaufubindið gamla." Dýrin og Tóklafus voru mjög ánægð yfir því að hittast aftur. Endir.

Íris Guðmundsdóttir, 10 ára,
Nönnustíg 3, Hafnarfirði.



Mikið hús er Háteigskirkja og misjafnlega kemur hún mönnum fyrir sjónir. Þessi teikning er eftir Einar Sverrir Sandoz, sem aðeins er 7 ára. Þannig kemur Háteigskirkja honum fyrir sjónir.

AUGLÝSINGATEIKNISTOFA
MYNDAMÓTA
Aðalstræti 6 sími 25810

Baltasar

Framhald af bls. 9

stóra heimi kýs sér hólmann okkar til búsetu og er efst í huga að túlka íslenzk viðfangsefni þá mætti halda að Listasafn Íslands héldi vöku sinni. Á þeim tveimur sýningum, sem Baltasar hefur áður haldið hér, sniðgekk innkaupanefnd safnsins hann algerlega. Og nú, þegar hann þótti verðugur þess að halda sýningu á Kjarvalsstöðum, lét nefndin ekki sjá sig að heldur og festi þar af leiðandi ekki kaup á neinu, sem þar var völ á.

Af viðtökunum á sýningu Baltasars á Kjarvalsstöðum mátti sjá svo ekki varð um villst, að myndir hans fengu geysisterkan hljómgrunn hjá hinum almenna sýningargesti, sem fyrst og fremst lætur eigin smekk og tilfinningu ráða, en breytir ekki um skoðun, þótt krítíkin komi í bága við skoðanir hans. Þegar menn finna þannig greiða leið að hjörtum áhorfenda, lætur öfund og illgirni sjaldan á sér standa. Meðal annars hefur það komið í ljós í svokallaðri gagnrýni, sem einhver kvenmaður skrifar í Vísi og ekki er hægt að flokka undir neitt annað en magaveiki eða illgirni. Neikvæðir tilburðir hennar gagnvart sýningu Baltasars voru nákvæmlega eins og fyrirfram mátti búast við; af slíkum gagnrýnanda vex ekkert blað. Niðurrifsmenn eins og þessi kvenmaður þrástagast jafnan á því sem einhvers konar viðbjóði, að þessi eða hinn málarinn máli sölumyndir. Hvers vegna það er glæpur að sýningargestur hrífist svo mjög, að hann langi til að eignast mynd, er hinsvegar óútskýrt. Það er mannhatur, sem liggur á bak við þessar skoðanir, gerir ævinlega ráð fyrir að einhverjir ofstækispáfar eigi að hafa vit fyrir hinum almenna manni. Hann á aldrei að geta haft vit á neinu. Hins vegar á hann að láta hinn rétta aðila segja sér, hvað er rétt og hvað er rangt.

Eins og jafnan áður voru landslagsmyndirnar á sýningu Baltasars í þungum litum. Hann notar einfaldan litastiga og verður ekki vændur um, að hann skreyti myndir sínar til þess að gera þær útgengilegar.

Eftir því sem ég bezt fæ séð, voru myndir Baltasars á þessari sýningu talsvert misjafnar að gæðum. Það verður líklega að teljast eðlilegt á svo stórri sýningu. Í því sambandi má rifja upp að einmitt það gat verið einkenni þess mikla meistara í íslenzkri myndlist, sem lér hefur sýningarhúsinu nafn. Það er misjafnt hvernig menn líta á þetta; sumir eru varfærnir og hneigjast til að sýna aðeins fáar myndir, sem þeir telja góðar. Aðrir láta allt gossa. Ég er ekki frá því að Kjarval hafi til dæmis látið full margt gossa, sem betur hefði farið aðra leið. En hvorki er líklegt að magnið né heldur moðið, ráði dómi sögunnar, heldur hátindarnir, þar sem guðsnáðin er augljós.

Sá hluti sýningarinnar, sem Baltasar nefndi Ecce Homo, reis að minni hyggju hæst sem listrænt framlag. Kvenmaðurinn í Vísi hneykslaðist að vísu á fjölbreytileik sýningarinnar. Vonandi heldur Vísir áfram að seljast fyrir því. Ég er hinsvegar á þeirri skoðun, að þessi tilbreyting hafi verið ávinningur, vegna þess að sterk, persónuleg einkenni í vinnubrögðum, tengdu annars ólík verk saman. Og þarna kom berlega í ljós gamalt fyrirbæri, að ljótar myndir geta verið mynda beztar. Ég á þar til dæmis við mynd eins og Dauða Che Guevara, suður-amerísku byltingarforingjans, sem allir þekkja. Það var mögnuð mynd í lit og formi en fráleitt verður hún talin stofulist. Sama gildir um aftökumyndina, sem að einhverju leyti minnir á samskonar mótiv eftir Goya. Í spánskri myndlist er ákveðinn þráður, sem Baltasar hefur komizt í sterka snertingu við. Arfurinn er að sunnan, en útsýnið gjarnan í norður, þar sem Drangey siglir eins og skip á miðjum firði.

Fyrir mitt leyti er ég þó ekki í neinum vafa um hvar myndlist Baltasars reis hæst á þessari sýningu. Þar á ég við portrettið af Thor Vilhjálmssyni rithöfundi. Bragi Ásgeirsson gerði þetta portret mjög að umtalsefni í ágætri gagnrýni í Morgunblaðinu og get ég algerlega tekið undir það, sem hann sagði sérstaklega um portrettið af Thor:

„. . . væri ég illa svikinn ef sú mynd er ekki merkasta framlag hans til þeirrar myndgerðar (portretlistar) fram að þessu. Sú mynd ber af öllum slíkum myndum, sem ég hef séð frá hans hendi og aðrar slíkar myndir á sýningunni blikna við hlið hennar. Baltasar reynir ekki að fegra Thor á neinn hátt, heldur málar hann eins og persónan kemur honum fyrir sjónir, þræðir lítt ytra útlit, það er nánast aukaatriði, hér er það hinn úfni og ábúðarfulli karakter skáldsins og heimsborgarans sem máli skiptir og einmitt þess vegna verður myndin sannfærandi og sláandi hliðstæða persónunnar. Ég veit ekki hvort Baltasar gerir sér ljóst, að með þessari mynd er hann að gera íslenzkri myndlist mikilsvert gagn, en svið portret-listarinnar hefur verið næsta fáskrúðugt hérlendis fram að þessu og listgreinin misskilin. . ."

Hér var ekki um neinskonar yfirlitssýningu að ræða, heldur aðeins áfanga á langri leið. Greina má ákveðna þróun í myndlist Baltasars, einkum í þá veru að meiri fjölbreytni gætir í litanotkun. Mér finnst það góð þróun og hygg að kynni af íslenzkri náttúru eigi sinn þátt í henni.

Gísli Sigurðsson